


Magnús Þórarinsson hjá verkum sínum í Nýja galleríinu (Tímam. GE)

Sýning í Nýja Galleríinu

— olíumyndir, tréplattar og skrautmálaðar flöskur

BSt — Að Laugavegi 12 — Nýja galleríinu — opnar Magnús Þórarinsson frá Hjaltabakka sýningu á verkum sínum laugardaginn 29. nóv. Sýningin verður opin til 12. desember klukkan 10-12 f.h. og 1-7 eftir hádegi hvern dag.

Myndirnar sem Magnus sýnir núna eru yfirleitt olíumyndir og eru flestar nýlegar. Þó eru þarna með nokkur eldri verk hans.

Magnús hefur unnið mikið að því að mála á tré fallega veggskildi eða platta. Efnisviðurinn er úr Hallormsstaðaskógi. Myndarlegir birkistofnar eru sagaðir niður og síðan er viðurinn þurrkaður áður en tekið er til við að mála myndirnar. Einnig er Magnús með aðra nýjung, en það eru fallegar flöskur, sem málaðar eru með glerlitum, og eru flöskurnar



Veggplattarnir eru búnir til úr niðursöguðum birkistofnum sem málaðar eru á ýmsar myndir (Tímamynd GE)

til sölu einsog önnur verk Magnúsar á sýningunni.

Laus staða

deildarstjóra bókhaldsdeildar við Tryggingastofnun ríkisins

Staða deildarstjóra bókhaldsdeildar Tryggingastofnunar ríkisins er laus til umsóknar.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og störf sendist ráðuneytinu fyrir 27. desember n.k.

Staðan veitist frá 15. janúar 1981.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. 28. nóvember 1980.

Aðalfundur

Framleiðslusamvinnufélag iðnaðarmanna, boðar til aðalfundar laugardaginn 6. desember 1980 kl. 8.30 árdegis að Smiðshöfða 6, Reykjavík.
Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Starfsáætlun 1981-1982
3. Önnur mál

Stjórnin

Aðalfundur

Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda verður haldinn laugardaginn 6. desember í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi kl. 14.00. Dagskrá: 1. Venjuleg aðalfundarstörf. 2. Önnur mál.
Stjórnin.

Tréskurður á ári trésins

Ári trésins er nú að ljúka með greniilmi, sem hingað er fluttur frá Fljótsdal, af jósku heiðunum og frá öðrum Norðurlöndum, það er að segja ef „Ár trésins" fylgir tímatalinu út í hörgul.

Það er því vel til fundið að halda sýningar í skammdeginu, rétt fyrir kveðjustundina, og verður hér fjallað um tvær sýningar er blása af þetta ár, önnur á formlegum grundvelli, hin nánast fyrir tilviljun að ég hygg.

Jón E. Guðmundsson á Kjarvalsstöðum

Jón E. Guðmundsson sýnir á Kjarvalsstöðum, dagana 15.—30. nóvember og kennir þar margra grasa. Hann sýnir höggmyndir í tré, leikbrúður, leikbrúður úr Skugga-Sveini, vatnslitamyndir, blýantsteikningar og olíumálverk, en auk þess performerar hann, eða „skemmtir skrattanum", sem er leikur úr þjoðsögum (að mig minnir).

Jón E. Guðmundsson er einn þeira listamanna, er þjóðin setur eiginlega nauðugan á bekk. Honum er einvörðungu ætlað að gjöra brúður og smíða marionettur og annast um brúðuleikhús, þótt listgáfa hans spanni miklu víðtækara svið, eins og fram kemur reyndar í upptalningunni hér að framan, og má þó minna á að Jón hefur einnig gjört tréristur, eða grafísk verk, þótt hann sýni þau ekki að þessu sinni. Hann er lærður vel í myndlist.

Í stuttu máli er ferill Jóns E. Guðmundssonar þessi. Hann er fæddur á Patreksfirði 5. janúar 1915. Hann stundaði nám í myndlistarskóla Finns Jónssonar og Jóhanns Briem og lærði myndskurð hjá Marteini Guðmundssyni. Árið 1939 var Jóni veittur námsstyrkur Dansk-íslenska félagsins og var hann við myndlistarnám í Kaupmannahöfn í 2 ár. Kennara prófi frá Handíða-og myndlistar skólanum lauk hann árið 1948, kenndi myndlist við Miðbæjarskolann þangað til sá skóli var lagður niður. Síðan hefur hann starfað við Austurbæjarskólann, en þar heldur hann árlega brúðuleiksýningu ásasamt nemendum sínum.

Jón stofnaði íslenska brúðuleikhúsið árið 1954 og er löngu þekktur fyrir brautryðjendastörf hér á landi í þessari ævafornu listgrein. Hann hefur ferðast kringum land tíu sinnum með Brúðuleikhúsið og haldið fjölmargar sýningar í Reykjavík og nágrenni.

Sumarið 1974 hóf Jón þá nýbreytni á vegum Reykjavíkurborgar að ferðast milli barnaleikvalla með brúðuleiksýningar. Þetta gerði hann í fjögur sumur og hélt að jafnaði 4 sýningar á dag.

Jón hefur sýnt brúður sínar víða erlendis og alls staðar hlotið mikið lof fyrir þessa sérstæðu og persónulegu list sína. Árið 1978 fór hann til Sviþjóðar og tók þátt í brúðuleikhúsviku, sem haldin var í Södertalje og Uppsölum og í sumar var hann ásamt Ernu Guðmannsdóttur með kennslumót fyrir brúðuleikhúsfólk í Helsingfors í Finnlandi.

Á málverkum sínum og höggmyndum hefur Jón haldið fjórar einkasýningar í Reykjavík og tekið þátt í tveimur samsýningum. (Upplýsingar úr sýningarskrá.)

Það sem mesta athygli hlýtur



Mynd af hluta úr „Flatartungu-fjölunum"

Jónas Guðmundsson
MYNDLIST



Jón E. Guðmundsson

að vekja á þessa sýningu eru tréskurðarmyndir Jóns, sem unnar eru af furðulegum hagleik. (Sjá mynd af brúðum en myndin er skorin úr sama bolnum).

Það þarf mikla dirfsku til þess að gjöra þessar myndir, því ein „feilnóta í fimmtu synfóníunni" getur eyðilagt margra vikna, eða mánaða strit.

Í tréskurðarmyndunum kemur fram myndhöggvarinn í Jóni, alúðin og virðingin fyrir efninu. Tréð fær að verða tré áfram, þótt það hafi tekið á sig nýja mynd.

Þá er athyglisvert að skoða brúður Jóns, þær bera í senn ógn grímunnar og það indæla fólk, er við hittum stöðugt í lífinu sjálfu. Með óskiljanlegum hætti er maður nátengdur þessum brúðum.

Um aðra myndlist vil ég vera — og verð — rúmsins vegna að vera fáorður.

Vatnslitamyndirnar og teikningarnar þóttu mér bestar og vil ég líka nefna mynd no 1, sem er óvenju vel gjörð mynd, sem sýnir að Jón E. Guðmundsson hefur orðið að vanrækja margt til að sinna öðrum þýðingarmeiri verkum.

Það er óþarfi að fjölyrða meira um þennan mikla brúðusnilling og listamann, en við hvetjum fólk til þess að heimsækja sýningu hans á Klömbrum, en henni lýkur nú um helgina.

Sýning list- og nytjamuna

8. nóvember síðastliðinn var opnuð Sýning list- og nytjamuna í kjallara á húsi iðnaðarins, en Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík og framkvæmdanefnd árs trésins stóð fyrir þessari sýningu, en henni lauk formlega 24. þessa mánaðar.

Í ávarpi í sýningarskrá, segir Sigurður Blöndal, skógræktarstjóri þetta:

„Á „Ári trésins 1980" hefir athygli verið beint að trénu sem lífveru og að gildi þess í mótun umhverfis og gagnsemi þess margvíslegri fyrir menn og málleysingja.

Að frumkvæði Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur er nú efnt til sýningar á því, hvernig tréð er til gagns og yndis eftir að það er fallið: hvernig viðurinn verður mönnum hráefni til margvíslegrar listsköpunar, sem einnig er til gagns í daglegu lífi fólks: hvernig tréð getur á þennan hátt öðlast næstum því eilíft líf.

Iðnaðarmannafélagið setti fram þessa hugmynd í tilefni af „Ári trésins" og bauð framkvæmdanefnd „Árs trésins" samstarf um sýninguna. Nefndin tók þessu boði þakksamlega og metur mikils þann hug, sem að baki því býr.

Þrjátíu kynslóðir Íslendinga hafa fært sér í nyt þann eiginleika trésins, að það er efni, sem auðvelt er að móta. Þær hafa skorið hugmyndir sínar í tré, allt frá þeim höfundi, sem tegldi öndvegissúlur Ingólfs til þeirra nútímamanna, sem gera fræg listaverk úr tré. Milli þeirra hafa ótaldir alþýðumenn stundað þessa iðju í tómstundum eða gert hana að ævistarfi.

Þessi sýning á að gefa ofurlitla hugmynd um þá miklu ástundun Íslendinga við að gefa hugarflugi sínu lausan tauminn með trjávið að efni.

Hún sýnir einnig viðinn, eins og hann kemur ómótaður úr náttúrunni og þegar hann er tilbúinn til smíða. Hún sýnir þær tegundir viðar, sem fallið hafa á Íslandi, og örfá dæmi frá öðrum löndum. Hún á að gefa örlítið sýnishorn af íslenskum skógi, eins og hann getur bestur orðið, og af því, hversu mikil tré geta vaxið hér.

Aðstandendur sýningarinnar vænta þess,a að gestir megi hafa nokkurt gagn og gaman af að kynnast þeirri hlið trésins, sem hér gefur að líta."

Ég veit ekki hvort þarna er samankominn obbinn af oddhögum mönnum þessa lands, en margir eru kunnir, er þarna áttu verk, og þeirra á meðal eru Ríkharður Jónsson, Ásmundur Sveinsson og Sigurjón Ólafsson, en alls sýndu liðlega 30 skurðmenn þarna myndir, og sumir ágæta, og vildi ég nefna verk eftir Ásmund Sigurmundsson, Guttorm Jónsson, Jónas Sólmundsson, Nönnu Björnsson, Snorra Karlsson og Svein Ólafsson.

Þá voru viðarsýni Haraldar Ágústssonar áhugaverð, en hann mun eiga eitt mesta safn viðarsýna á þessu landi.

Myndirnar á sýningunni, voru flestar í einkaeign, þannig að það hefur verið talsverð fyrirhöfn að koma þessari merku sýningu saman, sem er þakkarvert.

Jónas Guðmundsson

Eflum Tímann